

# Lög og reglugerðir um keppni á vegum LH

Útgáfa 2019

Viðauki 8  
Bannlisti



## Viðauki 8: Bannlisti

### Útbúnaður sem bannaður er á hestamótum (FIPO 2.2.2.2 og FIPO 2.3.9)

Bönnuð mál og/eða beislabúnaður er búnaður sem greinilega er hannaður með annað í huga en reið á íslenskum hestum, eins og til dæmis mál fyrir akstur eða mál sem eru hluti af reiðbúnaði hönnuðum fyrir aðra reiðmenningu eða eru notuð á annan hátt en þau er hönnuð til. Einungis má nota tauma sem fara beint úr hönd reiðmannsins á viðeigandi stað á málum eða málalausum beislabúnaði.

Þær skeifur, hringir eða botnar sem greinilega eru ekki framleiddir í þeim tilgangi að notast fyrir reiðhesta eru bannaðir.


Þessar reglur gilda um íþrótt og gæðingakeppni, sem og Youth Cup. Í kynbótasýningum gilda aðrar reglur.

Til viðbótar þessum almennu reglum heldur Sportnefnd úti eftirfarandi lista yfir útbúnað sem ekki er leyfður af ýmsum ástæðum.

### Beisli og beislabúnaður:

Íslensk stangarmál sem og öll mál með vogarafli með eða án keðju með tunguboga þar sem boginn er hærrí en 0,5cm, sjá ör á mynd.

Rannsóknir á Íslandi hafa sýnt að þau valda meiðslum á tannlausa bilinu í munni hesta.



### „Kineton“ múll

Þessi múll sameinar virkni málalauss búnaðar (Hackamore) með málum og er hugsaður til þjálfunar. Hann hentar ekki til notkunar í keppni.



**Skáreim með enskum mál og mexíkanskur múll ásamt öllum málum með keðju.**


Skáreimin og mexíkanskur múll passa illa með flestum þessara méla og í gerir þennan útbúnað í sumum tilfellum mjög harðan.

**ÍSLENSK SÉRREGLA: Skáreim er leyfð á Íslandi í gæðingakeppni og íþróttamótum sem ekki eru World Ranking.**



**Þýskur múll, nasamúll og spangarmúll með öllum mólum með keðju.**

Þessi mól skulu notast með öðrum mólum þar sem þetta passar ekki vel saman og lítur illa út. Efri partur keðju getur auðveldlega festst í mólum. Virkni keðjunnar truflast af ólum múlsins.



**Skáreim með enskum mól og mexíkanskur múll ásamt öllum mólum með stöngum og/eða vogarafli.**

Skáreimin og mexíkanskur múll passa illa með flestum þessara móla og í gerir þennan útbúnað í sumum tilfellum mjög harðan.

**ÍSLENSK SÉRREGLA:** Skáreim er leyfð á Íslandi í gæðingakeppni og íþróttamótum sem ekki eru World Ranking.



**Þýskur múll, nasamúll og spangarmúll með öllum mólum með stöngum og/eða vogarafli.**

Þessi mól skulu notast með öðrum mólum þar sem þetta passar ekki vel saman og lítur illa út. Keðjan og neðri ól múlsins geta legið svo þétt að húðin getur auðveldlega klemmst. Virkni stanganna truflast af staðsetningu múlsins.



**Venjulegur beislabúnaður með mólum notaður ásamt mólalausum beislabúnaði.**

Þetta fellur ekki undir tilgang mólalaus beislabúnaðarins.

**Rennitaumamól (mól sem geta hreyfst upp og niður eftir kinnól beislis)**

Þessi mól eru eingöngu ætluð til leiðréttingar og/eða þjálfunar og eru ekki ætluð til sýninga á hestum.



**Perúönsk mél (og önnur mél sérstaklega hönnuð fyrir aðra reiðmennsku)**

Þessi mél henta ekki íslenskri reiðmennsku né reiðhefð.



**Samsett Myler mál með stuttum eða löngum kjálkum (og sambærileg mál frá öðrum framleiðendum).**  
Þessi tegund mála sameinar málalausa tækni (hackamore) og mál og eru hönnuð sem þjálfunarmál.



**Skeifur, hringir, botnar:**

**Hringur má einungis hafa eina tengingu, ekki breiðari en 23,0 mm sem tengir aðra hliðina við hina.**

**Hringur telst vera botn ef það er annars konar tenging á milli hliða hans.**

Þetta á einnig við þegar tengingin er úr ofnu efni. Styrkingar til að halda hringnum á sínum stað undir skeifunni eru leyfðar.

**Ef fylling er í hófnum, með eða án botns er einungis leyfilegt að hafa skeifu að hámarki 8,0 mm þykka.**

Um leið og eitthvert efni er innan hófsins (þar með talin skeifan) á reglan um botna við, jafnvel þótt enginn botn sé notaður.

Meiri upplýsingar og myndir má finna á vefsíðu FEIF [www.feif.org](http://www.feif.org) – sport – FIPO

Myndir eru einungis til skýringar og eru ekki endilega tæmandi.

Uppfært 7. janúar 2015